

**8. janúar 2015 kl. 8:30-10:30**

## **Almannatengsl og markaðsmál**

Hvað geri ég þegar pressan hringir? Forsvarsmenn minni og meðalstórra fyrirtækja lenda stundum fyrirvaralaust í ólgusjó fjölmíðlaumræðu og hafa ekki beinan aðgang að vönum almannatenglum.

Á námskeiðinu er fjallað um nokkur grundvallaratriði í almannatengslum og samskiptum fyrirtækja við fjölmíðla. Fjallað er um samspil markaðsmála og almannatengsla, mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum fjölmíðla og fyrirtækja og hversu brýnt er að fyrirtæki búi sig undir óvænt áfall í starfsemi sinni með markvissum hætti.

### **Markmið:**

- Þekkja mikilvægi fyrstu viðbragða þegar kastljós fjölmíðlanna beinist óvænt að starfsemi fyrirtækisins
- Kunna skil á grundvallaratriðum sem þarf að hafa í huga þegar koma á upplýsingum um fyrirtækið á framfæri við fjölmíðla
- Skilja þarfir og driftkraft fjölmíðlanna í leit þeirra að fréttum
- Öðlast skilning á mikilvægi áfallastjórnunar og -undirbúnings

### **Leiðbeinandi: Ólafur Stephensen**



Ólafur er framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Ólafur hefur langa reynslu af störfum í fjölmíðlum sem blaðamaður og ritstjóri á ýmsum miðlum. Hann hefur einnig starfað að almannatengslum fyrir fyrirtæki og félagasamtök og var meðal annars forstöðumaður upplýsinga- og kynningararmála hjá Símanum. Hann hefur meðal annars leiðbeint nemendum Opna háskólans í HR um almannatengsl og markaðsmál.

**Verð:** kr. 7.900,- (kr. 3.950,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum\*)

**Skráning:** [bjarndis@atvinnurekendur.is](mailto:bjarndis@atvinnurekendur.is)

**Tími:** Fimmtudagurinn 8. janúar kl. 8:30 – 10:30 boðið er upp á léttan morgunverð áður en að námskeiðið hefst)

**Staður:** Hús verslunarinnar, 9. hæð

**\*þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.**